

Minnisblað

Til: Reykhólahrepps

Frá: Siglingastofnun/ Kristján Helgason

Dags: 31. október 2012

Varðar: Sjóvarnir í Flatey, vettvangsskoðun og mögulegar aðgerðir.

Í bréfi dags. 24.02.2012 óskaði sveitarstjóri Reykhólahrepps eftir því við Siglingastofnun að sjóvarnir í Flatey á Breiðafirði yrðu teknar til athugunar við gerð næstu fjögurra ára samgönguáætlunar. Einkum við þann hluta strandarinnar norðan á eyinni þar sem þorpið gamla stendur. Kristján Helgason frá Siglingastofnun fór á staðinn þ. 17. október s.l. til að líta á aðstæður. Með í för var Sveinn Ragnarsson úr hreppsnefnd Reykhólahrepps og Bogi Kristinsson byggingarfulltrúi.

Staðhættir:

Aðdjúpt er við norðurströnd Flateyjar. Á gömlu sjókorti sést að vestan við Hafnareyna er á fjöru 10 m dýpi eða meir í innan við 100 m fjarlægð frá strönd. Úthafsalda sem kemur úr NV nær inn á þetta svæði en frekar sjaldgæf. Þó sýndi athugun, sem Siglingastofnun gerði í ágúst 1998 á sjólagi á ferjuleiðinni yfir Breiðafjörð, að þarna má reikna með ölduhæð á bilinu 2-3 m að jafnaði einu sinni á ári. Ölduálag því talsvert á ströndina við gamla þorpið.

Vettvangsskoðun:

Gengin var strandlengjan norðan á eyinni þar sem líkur voru taldar á landbroti. Sérstaklega var skoðað svæðið frá Teinæringsvogi austur fyrir gamla þorpið. Þar eru víða klettur með ströndinni, sumstaðar 2-3 m háir, og sker utar. Bergið er hinsvegar talsvert sprungið og sáust á nokkrum stöðum merki um að nýlega hafi hrunið úr því. Aðallega af völdum veðrunar en þar sem alda nær til gæti rof að hluta stafað af sjógangi.



Mynd til hliðar er af klettum vestur af Grýluvogi þar sem nýlega hefur hrunið úr berginu. Þetta er talsvert ofan fjörukambs og ástæða hruns því veðrunaráhrif, ekki landbrot af völdum sjávar. Engin hús eða mannvirki eru hér í hættu en göngufólk þarf að gæta varúðar. Nokkuð vestan við þennan stað stendur sjóhús, Vesturbúð, nálægt fjörukambi. Þar hefur að sögn heimamanna stundum gengið sjór upp að dyrum.



Myndin til hliðar sýnir Silfurgarð, Grýluvogur t.h. Garðurinn var talsvert illa farinn vorið 1998. Þá um haustið var gert við hann fyrir sjóvarnafé.

Ekki að sjá að hrunið hafi úr honum frá því að var gert. Þó kann eitthvað af smágrjóti að hafa skolast úr toppnum.



Myndin til hliðar sýnir sandfjöru við botn Grýluvogs. Þorpið gamla í baksýn.

Ekki eru merki um landbrot á þessu svæði.



Horft norður eftir Silfurgarði, fjærst á mynd má greina enda á steiptum vegg við Eyjólfspan. Þarna var áður steipt plan og 60 – 70 cm hár skjólveggur við útbrún þess. Planið og skjólveggurinn var orðið mjög illa farið árið 1999. Þá var veggurinn endursteyptur fyrir sjóvarnafé og hefur staðið af sér sjóganginn síðan en steipta planið er farið.



Vesturendi steypa veggisins við Eyjólfspan.

Veggurinn stendur á klöpp og hefur lítið látið á sjá nema lítilsháttar glufa er undir hann þar sem maður í bláum galla stendur. Sjór mæðir talsvert á þessu horni eins og sjá má af því að að skolast hefur úr planinu fyrir innan og eingöngu hnullungs steinar sitja eftir.



Horft austur með steypa veggnum. Eyjólfspakkhús næst á mynd, grillir í vesturstafn hótelsins þar fyrir aftan.

Að sögn heimamanna gengur sjór á hverjum vetri inn á planið og grjót og þari berst uppundir hótelið.



Horft í vestur frá Þýskavör. Eyjólfspakkhús fjærst á mynd, rauða húsið nær er hótelið.

Hér eru klettur við ströndina. Sjá má að sjór hefur sumstaðar gengið upp á brún og skolað lítils háttar framan úr grasþekjunni.



SIGLINGASTOFNUN



Stórigarður, Hafnarey í baksýn. Í skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd sjóvarnaáætlunar árið 1998 segir: „Gerð var tilraun með að hlaða upp Stóragarð en erfitt um vik að koma við stórvirkum tækjum því svæðið er á þjóðminjaskrá”.

Töluvert hefu hrunið úr garðinum, mest á um 20 m kafla næst landi. Er hann líklega í svipuðu ástandi og var fyrir viðgerðina 1998.



Horft af Stóragarði upp að húsum í gamla þorpi.

Húsin standa tæpt á klapparbrúninni, einkum húsið Vinaminni (með tveim burstum fyrir miðri mynd). Skarð er í bakkan austan við Vinaminni sem nær innfyrir húshliðina.

Vertshús (tvílyft með rauðu þaki) er nokkuð fjær brúninni og húsin þar fyrir austan í minni hættu.



Séð í vestur úr skarðinu milli húsanna, hornið á Vinaminni til vinstri.

Hér brýtur úr bakkanum þar sem ekki eru klappir fyrir. Eins og sést á myndinni vantar ekki mikið á að grafi frá húshorninu.

Vitinn í Klofning fjærst á mynd. Þyngsta aldan er úr stefnu norðan við Klofning. Stórigarður veitir ströndinni nokkra vörn.

Yfirlit um sjóvarnafrankvæmdir í Flatey:

Í árlegum skýrslum um framkvæmd hafna-/samgönguáætlunar er í kafla um sjóvarnir getið eftirtalinna framkvæmda í Flatey:

Árið 1998. Gerð tilraun með að hlaða upp Stóragarð, Silfurgarður þá einnig endurhlaðinn. Heildarkostnaður við framkvæmdir á verðlagi ársins 0,9 m.kr.

Árið 1999. Gamall steypur veggur við Eyjólfspan endurbyggður. Heildarkostnaður við framkvæmdir á verðlagi ársins 0,7 m.kr.

Árið 2002. Gert við tvö skörð sem komin voru í gamla grjóthleðslu austan við Flateyjarbryggju. Heildarkostnaður við framkvæmdir á verðlagi ársins 2,1 m.kr.

Árið 2009. Byggður 25 m langur sjóvarnaveggur úr járbentri steinsteypu vestan á landtengingu Flateyjarbryggju. Veggurinn nær að landvegg bryggjunnar. Heildarkostnaður við framkvæmdir á verðlagi ársins 6,3 m.kr.

Niðurstaða:

Ekki er landbrot sem orð er á gerandi við norðurströnd Flateyjar. Við sjávar kambinn eru víðast hvar klappir sem aldan mæðri á. Bergið er hinsvegar sprungið og veðrun, og sjógangur þar sem hans gætir, naga úr því smám saman. Í vettvangsskoðuninni mældi Bogi Kristinsson á nokkrum stöðum snið í sjávar kamb við þorpið gamla. Með endurmælingum síðar verður hægt að fylgjast með breytingum sem verða.

Yfir sumartímam er mikil umferð fólks um Flatey. Er athugandi að heimafólk geri ráðstafanir til að draga úr slyshættu þar sem hætta stafar af grjóthruni, t.d. fara reglulega um og ýta niður lausu grjóti og/eða sett verði upp aðvörunarskilti.

Norðurströnd Flateyjar er útsett fyrir sjógangi, einkum svæði þar sem aðdýpi er mest norðan og austan við Gryllovog að Stóragarði. Innan ekki langs tíma þyrfti að huga að bættri vörn við Eyjólfspan. Kæmi til greina að raða grjóti, sem hugsanlega má smala saman úr fjörum í grenndinni, innan við steypa vegginn til að styðja við hann og eins til að taka við ágjöf.

Til bóta væri að hlaða upp Stóragarð, en til að hann standi af sér öldu þyrfti að setja í hann talsvert stærra grjót en nú er. Það er vandfundið í eyggi og verndarsjónarmið setja skorður við því sem hægt er að gera eins og raunin varð árið 1998.

Ef verja þarf hús, sem næst er sjávarbakkanum austan við Stóragarð, væri e.t.v. möguleiki að smala saman grjóti til að raða í skarð austan við húsið og meðfram bakkanum neðan við það.

Settar hafa verið fram hugmyndir um grjótgarð, eða garða, fram í Bryggjusker utan við Kerlingavog í þeim tilgangi að skýla svæði þar og við Gryllovoginn. Að mati Siglingastofnunar er þetta varla raunhæft. Garðarnir þyrftu að vera efnismiklir og með stærra grjóti en er í Stóragarði til að þeir stæðust ölduálag. Hæpið að það efni fái í nægjanlegu magni í Flatey og enn síður að leyfi fengist til að vinna það með tækjum sem til þyrfti. Grjótgarður á þessum stað hefðu auk þess lítil áhrif til að skýla gamla þorpinu.

Niðurstaðan, að mati Siglingastofnunar, er að vænlegast sé að styrkja varnirnar sem fyrir eru við gamla þorpið, þ.e. steiptan vegg við Eyjólfspan og Stóragarð. Einnig mætti, eftir því sem heimild fæst til, smala saman grjóti til að raða utan í bakkana neðan við hús sem eru í hvað mestri hættu. Lauslega metið gæti kostnaður, að teknu tilliti til aðstæðna, orðið í kringum 10 m.kr.

Vinna þarf að þessum málum í tíma. Ákveða aðgerðir sem hægt er að framkvæma í því umhverfi sem þarna er. Sveitarfélagið þarf síðan að sjá um nauðsynlega skipulagsvinnu og að afla heimilda sem þarf til að framkvæma.